



Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

fundaði miðvikudaginn 14. júlí 2021 kl. 12:30 með fjarfundabúnaði.

Mætt: Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna, Ómar Einarsson ÍTR, Björg Fenger fulltrúi úr Samstarfsnefnd Skíðasvæðanna,

Ásthildur Helgadóttir sviðsstóri umhverfissviðs hjá Kópavogsbæ og Rósa Steingrímsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar boðuðu forföll.

Gestir: Einar Kristján Stefánsson verkefnastjóri, VSÓ og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Páll Björgvin Guðmundsson setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Framkvæmdir vegna skíðalyfta, Drottning og Gosi.

Margrét Lilja Gunnarsdóttir frá innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar var gestur fundarins undir þessum lið.

Samningar við Dobbelmayr skíðalyftur ehf. og næstu skref

Framhald frá umræðu fundar hinn 6. júlí 2021. Komið hefur fram fyrirspurn um hvort Doppelmayr Seilbahnen GmbH, gefi út verkábyrgð í stað Dobbelmayr skíðalyftna ehf. Lögfræðingur SSH ásamt innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar hafa skoðað fyrirkomulag og hugsanlega framkvæmd slíkrar breytingar. Þá eru fulltrúar frá Dobbelmayr væntanlegir 23. júlí til að skoða aðstæður á verkstað. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Verkefnastjóra falið að ræða við Dobbelmayr skíðalyftur ehf. varðandi ástæður þessarar beiðni, en ef nauðsynlegt er að breyta aðild að verkábyrgðinni þarf að gera viðauka við samninginn við Dobbelmayr skíðalyftur ehf., um að Dobbelmayr Seilbahnen GmbH taki við skyldum og réttindum samkvæmt honum.

2. Salernisaðstaða á suðursvæði Bláfjalla

Staða mála, framhald umræðu frá fundum 15. júní 2021, 23. júní 2021 og 6. júlí 2021. Fyrirliggjandi er leyfi frá forsætisráðuneytinu, dags. 4. júlí 2021, þar sem fram kemur að fyrirhuguð landnýting sé samþykkt með þeim skilyrðum að framkvæmdaleyfi liggja fyrir við upphaf framkvæmda, sem minnst rask verði á landslagi og jarðvegi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Þá liggur fyrir samþykki mannvirkjanefndar Ullar, dags. 27. júní 2021, sem staðfest er af formanni Ullar dags. 14. júlí 2021, um að þessi nýting á byggingarreit Ullar sé samþykkt með þeim fyrirvara að salernishús verði staðsett í horni byggingarreitsins næst Gosalyftu og þannig að lármarki í 20 metra fjarlægð frá fyrirhuguðum skála Ullar. Þá liggur fyrir að vinna þurfi gögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda áfram áður en þau eru send með byggingarleyfissókn, sbr. tölvupóst frá sviðsstjóra umhverfissviðs Kópavogsbæjar, Ásthildi Helgadóttur, dags. 14. júlí 2021. Ferill verkfræðistofa

vinnur nú að undirbúningi gagna vegna verðfyrirspurnar og útboðs. Gert er ráð fyrir að verðfyrirspurn verði gerð vegna lagna og jarðvinnu en að farið verði í útboð vegna hússins sjálfs og sökkla þess. Miðað er við að framkvæmdir fari fram í haust.

Niðurstaða fundar:

Forstöðumanni Skíðasvæðanna í samstarfi við verkefnastjóra og Feril falið að vinna áfram að málinu samkvæmt framansögðu en m.a. þarf að fullgera gögn vegna verðfyrirspurnar og útboðs, en m.a. þurfa teikningar að vera mál- og hnitsettar og graftarplan til staðar svo hægt sé að sækja um byggingarleyfi. Endanleg gögn verða lögð fyrir verkefnahópin þegar þau liggja fyrir. Verðfyrirspurn og útboðsgögn verði send út þegar öll leyfi fyrir framkvæmdunum liggja fyrir. Verkefnastjóra farið að ræða við heilbrigðistefirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis varðandi það hvort frekari leyfi þurfi að liggja fyrir vegna framkvæmdanna.

3. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10.